

Lbs 38 NF

**Jón Baldvinsson: Einkaskjalasafn. Skrá.
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Handritasafn**



**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
© 2013**

Lýsandi samantekt

Varðveislustaður: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn.

Staðsetning: H14,2

Safnmark: Lbs 38 NF

Skjalamyndari: Jón Baldvinsson (1882–1938)

Titill: Jón Baldvinsson: Einkaskjalasafn

Dagsetning: 1922–1938

Magn: 4 öskjur

Útdráttur:

Safnið hefur að geyma ýmis gögn úr embættistíð Jóns, einkum er hann var forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Alþýðuflokksins og er hann var þingmaður og forseti Sameinaðs þings. Þá eru gögn frá bankastjóratið hans og gögn er viðkoma prentstarfsemi. Talsverður hluti safnsins er afrit.

Tilvitnun:

Lbs 38 NF. Jón Baldvinsson. Einkaskjalasafn. Varðveisla: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Handritadeild. Arngrímögötu 3. IS 107 Reykjavík.

Samhengi

Nafn skjalamyndara: Jón Baldvinsson (1882–1938)

Lífshlaup og æviatriði:

F. á Strandseljum við Ísafjarðardjúp 20. des. 1882, d. 17. mars 1938. For.: Baldvin Jónsson (f. 14. des. 1844, d. 30. mars 1900) bóndi þar, bróðursonur Steinunnar Auðunsdóttur konu Jóns Þórðarsonar alþm. og móðurbróðir Jóns Auðuns Jónssonar alþm., og k. h. Halldóra Sigurðardóttir (f. 6. nóv. 1853, d. 18. mars 1916) húsmóðir. K. (7. nóv. 1908) Júlíana Guðmundsdóttir (f. 16. júlí 1881, d. 7. apríl 1947) húsmóðir. For.: Guðmundur Auðunsson og Sigríður Sigvaldadóttir. Sonur: Baldvin (1911).

Prentnám í Prentsmiðju Þjóðviljans á Ísafirði og Bessastöðum 1897–1901.

Prentari á Bessastöðum 1901–1905, í Gutenberg í Reykjavík 1905–1918. Forstjóri Alþýðubrauðgerðarinnar í Reykjavík 1918–1930. Bankastjóri Útvegsbankans frá 1930 til æviloka.

Formaður Hins íslenska prentarafélags 1913–1914. Bæjarfulltrúi í Reykjavík 1918–1924. Í dansk-íslenskri ráðgjafarnefnd 1927–1938. Í mþn. um kjördæmaskipun 1932. Forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Alþýðuflokksins 1916–1938. Í Þingvallanefnd 1928–1938. Í bankaráði Landsbankans 1928–1930.

Alþm. Reykv. 1920–1926, landsk. alþm. 1926–1934, landsk. alþm. (Snæf., Ak.) 1934–1938 (Alþfl.).

Forseti Sp. 1933–1938. 1. varaforseti Ed. 1928–1931. (Heimild: www.althingi.is)

Varðveislusaga:

Hlín Baldvinsdóttir sonardóttir, Jóns Baldvinssonar, varðveitti safnið og afhenti handritadeild 2. nóvember 2004.

Um afhendingu:

Afhent 2. nóvember 2004.

Innihald og uppbygging

Umfang og innihald:

Þegar safn Jóns Baldvinssonar var afhent handritasafni hafði engin flokkun eða röðun á því átt sér stað. Hér var efnið flokkað og sett í möppur og eru þær 37 að tölu og raðað í stafrófsröð.

Safnið hefur að geyma ýmis gögn úr embættistíð Jóns, einkum er hann var forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Alþýðuflokksins og er hann var þingmaður og forseti Sameinaðs þings. Þá eru gögn frá bankastjóratíð hans og gögn er viðkoma prentstarfsemi. Talsverður hluti safnsins er afrit.

Grisjun, eyðing og skráning:

Engu verið eytt.

Viðbætur:

Ekki er von á viðbótum.

Um aðgengi og not

Skilyrði er stjórna aðgengi:

Safnið er opið.

Skilyrði er ráða endurgerð:

Skv. reglum Landsbókasafns um ljósritun og myndun.

Tungumál:

Íslenska. Danska. Sænska. Enska.

Leiðarvísar:

Enginn leiðarvísir var til yfir safnið.

Tengt efni

Tengdar einingar:

Ekki er vitað um neinar tengingar.

Útgáfuupplýsingar / Not:

Ekki er vitað um nein not.

Um lýsinguna

Athugasemdir skjalavarðar:

Eiríkur Þormóðsson raðaði gögnum og bjó til lista í desember 2010. Sett á safnmark Lbs 38 NF í desember 2010.

Lýsing og greining á safni Jóns Baldvinssonar var unnin fyrir styrk frá Alþýðuhúsi Reykjavíkur ehf. og Styrktarsjóði Magnúsar Bjarnasonar.

Dagsetning lýsingar: Desember 2010.

Innihald

Askja 1

1. Alþýðublaðið. Verksamningar milli Alþýðusambands Íslands og prentaðila (Gutenberg, Guðmundur Guðmundsson, Tómas Albertsson) um prentun Alþýðublaðsins. Tvö bréf fylgja þetta varðandi. 1922. 1924.
2. Alþýðuflokkurinn:
 - a. Sameining Alþýðuflokks og Kommúnistaflokks og klfningsstarfsemi Héðins Valdimarssonar. Með fylgir bréf frá Héðni dagsett 3. febrúar 1938. Á bakhlið tveggja blaða brot um stjórn búnaðarmála og starfshætti.
 - b. Stjórnarsamstarf Alþýðuflokks og Framsóknarflokks.
 - c. Afmælisgrein Jóns Baldvinssonar um Per Albin Hanson forsætisráðherra Svíþjóðar fimmtugan, rituð að beiðni sænska jafnaðarmannaflokksins í meðfylgjandi bréfi frá Sveriges Socialdemokratiska partistyrelsens informations avdeling, dagsett 3. október 1935.
3. Bankamál. Athugasemdir Landsbanka Íslands við frumvarp um Framkvæmdabanka Íslands.
4. Bréf. Finnbogi Rútur Valdimarsson stílað til Sambandsstjórnar Alþýðusambands Íslands (Jón Baldvinsson forseti þess). Tvö bréf dagsett 29. apríl og 20. júlí 1934. Segir af sér sem ritstjóri Alþýðublaðsins og tilgreinir ástæðu.
5. Bréf. Guðbrandur Jónsson til Jóns Baldvinssonar 14. mars 1935.
6. Bréf. Guðmundur G. Hagalín til Jóns Baldvinssonar 26. febrúar 1927.
7. Bréf. Haraldur Guðmundsson (?) til Jóns Baldvinssonar 5. febrúar 1938.
8. Bréf. Hermann Jónasson til Jóns Baldvinssonar 15. júlí 1937.
9. Bréf. Jón Baldvinsson til Erik Arup 19. september 1933. Handskrifað afrit. Á dönsku.
10. Bréf. Jón Baldvinsson til Sigurðar Arngrímssonar ritstjóra 3. desember 1925. Eftirrit.
11. Bréf. Jón Baldvinsson til Th. Stauning 15. desember 1930. Uppkast. Á dönsku.
12. Bréf. Jónas Jónsson til Jóns Baldvinssonar (einnig sent í þröngan markhóp). Varðar samvinnu Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins.
13. Bréf (6). Um aflaskýrslur, sölu á kryddsíld til Danmerkur og um aflaskýrslur í Færeyjum. Með fylgja prentuð þingskjöl efnið varðandi og blað með minnispunktum. Aðilar: Félög, stofnanir og embættismenn, m.a. Jón Baldvinsson. 1931 og 1933.
14. Fisksala. Skýrsla um viðræður fulltrúa íslensku og norsku ríkisstjórnanna í Newcastle on Tyne 1935 um samvinnu í fisksölu.

15. Hið íslenska prentarafélag. Smáprent: Afmælis- og árshátíðardagskrár, flestar með söngtextum. Með liggur eintak af Prentaranum, blaði félagsins, 4.-5. tbl. 1927. Að auki: Íslensk prentlist 400 ára (dagskrá og söngtextar).
16. Kveðskapur.
- Vísur ortar af þingmönnum í Fornahvamsferð.
 - Brúðkaupssálmur um Einar Stalínsson og Olíu Héðinsdóttur.
 - „Á fundi“. 3 erindi. Virðist prentsmiðjuhandrit.
17. Kvæði. Eftir Tómas Guðmundsson í eigu Halldóru Sigurðardóttur á Strandseljum. Ort um Jón Baldvinsson og fólk honum tengt (bræðurna Auðun og Þorgeir, Sigrúnu Baldvinsdóttur). 4 blöð. Autt blað 4v. Auk þess ljósrít af kvæðunum.
18. Myndir.
19. Persónulegt efni. Af ýmsu tagi, m.a. heillaskeyti, heiðursveitingar, boðskort, reikningar og kvittanir o.fl.

Askja 2

20. Prentað efni:
- Bankanefndin 1925.
 - Jón Baldvinsson. Minning. Með liggur ljósrít af Andvaragrein (1940) um Jón og eintak af Nýja dagblaðinu 30 mars 1938.
 - Ráðning drauma. Akureyri 1936.

Askja 3

- Skipulagsnefnd atvinnamála. Álit og tillögur.
- Skýrslur og álit millipinganevndar í sjávarútvegsmálum 1933–1934.
- Skýrslur um nokkrar framkvæmdir ríkisins 1927–1930.

Askja 4

Erindi, greinar, ræður 21-31

21. Frá Orkneyjum. Í minningu 800 ára afmælis Magnúsar kirkju helga í Orkneyjum 1937. Ferðasaga. Erindi, líklega flutt í útvarpi 8. og 15. desember 1937. Með liggur smáprent, kveðja Alþingis og alþjóðar Íslendinga til Orkneyinga út af afmælinu.
22. Í tilefni af 25 ára setu Kristjáns 10. að ríkjum. Flutt á samkomu á Hótel Borg og útvarpað. Tvítak. Fjögur blöð og lausavísur um Kveldúlf og Thorsarana á bakhlið fjórða blaðs annars tvítaksins. 1937
23. Islands Alting. Eftir Jón Baldvinsson. Þýdd á dönsku af Guðbrandi (Jónssyni?)
24. Kosningaræða. Uppkast.
25. Minningargrein um Jón Ólafsson, 16. október 1937.
26. Minningaræða um Jón Þorláksson flutt á alþingi 1935. Tvítak, handrit og vélrit.
27. Minningarræða um Magnús Guðmundsson, flutt á alþingi. Tvítak.

28. Minningarræða um Tryggva Þórhallsson flutt á alþingi 10. ágúst 1935.
29. Mjólkursölumálið. Almennt og stefna Alþýðuflokksins og fleiri flokka. 1935. Líklega uppkast.
30. Mælt fyrir frumvarpi um kreppulán og aðrar ráðstafanir til hjálpar útgerðinni. 1937. 10 vélrituð blöð en blað 1 vantar. Með fylgja prentuð þingskjöl er hluta þessa efnis varða.
31. Ræða á fullveldisdeginum 1. desember 1937. Útvarpserindi.
32. Smáprent. Tækifærisljóð tengd ýmsum viðburðum.
33. Tíningur. Uppdráttur af Lögbergi, uppskrift úr Lögréttu 11. mars 1908 (palladómur á bakhlið), skopteikning, félagsskírteini tveggja manna í Verkalýðsfélagi Norðfjarðar (prentuð). Að auki auglýsing frá Þjóðviljanum 1903 og gáta skrifuð aftan á. Með liggja umslög.
34. Utanríkismál. Den nordiske samarbejdskomité, 1933. Fundargerð. Á dönsku.
35. Handrit annarra. Bátagaldeyririnn 1951 og 1952. Greinargerð um fyrirkomulag.
36. Handrit annarra. Landsvirkjun: Rekstrar og efnahagsreikningur 30. september 1982.
37. Handrit annarra. Utanríkismál. Skýrsla Björns Þórðarsonar 1928 um ferð hans til Geneve til að kynna störfum Þjóðabandalagsins, stíluð til forsætisráðherra Íslands, Tryggva Þórhallsson.